



Fundur þjónustuhóps um málefni fatlaðra, haldinn á

Höfðabraut 6, Hvammstanga
föstudaginn 18.nóvember 2011 kl 11:20

Mætt voru: Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnastjóri og formaður þjónustuhóps. Félagsmálastjórnir Gunnar M Sandholt, Auður Herdís Sigurðardóttir, Hjörtur Hjartarson og Eyrún Rafnsdóttir. Fráfarandi félagsmálastjóri Húnaþings vestra mætir á fund fyrir hönd nýráðins Félags- og fræðslustjóra Húnaþings vestra, Eydísi Aðalbjörnsdóttur sem boðar forföll. Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV boðar forföll, varaformaður þjónustuhóps Auður Herdís Sigurðardóttir ritar fundargerð í hans fjarveru.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar.

Engar athugasemdir gerðar við fundargerð síðasta fundar.

2. Fjárhagslegt uppgjör 2010

Verkefnastjóri fór yfir liðna fundi með félags- og fjármálastjórum á þjónustusvæðum vegna uppgjörs fyrir árið 2010. Rekstarniðurstöður eru eftirfarandi: Húnaþing vestra 98 % eða kr. 987.608 undir áætlun, Austur Húnavatnssýsla 105 % eða kr.2.905.000 yfir áætlun, Skagafjörður 102% eða kr. 3.096.670 yfir áætlun, Siglufjörður 101% eða kr. 513.025 yfir áætlun. Eftir er að ganga frá uppgjóri framkvæmdasjóðs í Húnaþingi og Siglufirði. Þjónustuhópur samþykkir uppgjórið fyrir sitt leiti með áðurgreindum fyrirvörum og vísa því til stjórnar.

Rætt um breytingar á vinnulagi uppgjörs og endurmats, endurmat fyrir liðið ár fer framleiðis framþegar ársuppgjör staðgreiðslu liðins árs liggur fyrir þ.e. í febrúar – mars.

3. Rekstur janúar – október

Verkefnisstjóri fór yfir rekstrarstöðu málaflokksins. Rætt um fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga og áhrif launahækkana á rekstrarstöðuna. Öll sveitarfélög utan Dalvíkurbyggðar eru komin fram úr áætlun ársins 2011. Þegar 83% af árinu var liðið 31.október er staðan þannig: Húnaþing vestra 91%, Austur –Húnavatnssýsla 86%, Skagafjörður 91%, Fjallabyggð 90% og Dalvíkurbyggð 80%. Á heildina litið er rekstarstaðan 11 milljónir yfir áætlun eftir fyrstu 10 mánuði ársins.

Ákveðið að þjónustusvæðin taki saman upplýsingar um kostnað launahækkana ársins , kostnað langtímaveikinda og annað sem skýrir aukin kostnað ársins. Upplýsingarnar liggja fyrir eigi síðar en 13. desember.



4. Framkvæmdasjóður fatlaðra – umsóknir

Umsókn frá Sambýlinu Skúlabraut 22, endurbætur á gardínum og stofustássi 112.000 kr. Samþykkt.

5. 27. gr. Umsóknir um styrki vegna verkfæra og tækjakaupa og námskostnaðar

10 umsóknir bárust frá 7 einstaklingum. Kostnaður umsækjenda er samanlagt 971.615 kr. Úthlutun samkvæmt reglum er 664.711kr.

- a. Umsókn vegna tölvukaupa, kostnaður ótilgreindur. Samþykkt að veita styrk allt að kr. 100.000. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 100.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- b. Umsókn um styrk vegna tölvukaupa kr. 120.000. Samþykkt að veita styrk kr. 90.000. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 100.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- c. Umsókn um styrk vegna tölvukaupa kr. 120.000. Samþykkt að úthluta kr. 90.000 sem er 75% af útlögðum kostnaði. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 100.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- d. Umsókn um styrk vegna námskostnaðar kr.51.000. Samþykkt að úthluta kr. 38.250. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 50.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- e. Umsókn um styrk vegna tölvukaupa kr. 110.000. Samþykkt að veita styrk kr. 82.500. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 100.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- f. Umsókn um styrk vegna tækjakaupa, kr.159.900.Samþykkt að veita styrk kr.119.925. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 100.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- g. Umsókn um styrk vegna tölvukaupa, kr.108.715.Samþykkt að veita styrk kr.81.536. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 100.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- h. Umsókn um styrk vegna námskostnaðar kr.30.000. Samþykkt að úthluta kr. 22.500. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 50.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- i. Umsókn um styrk vegna námskostnaðar kr.149.000. Samþykkt að úthluta kr. 50.000. Samkvæmt reglum er greitt að hámarki 50.000 kr. en þó aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- j. Umsókn um styrk vegna námskostnaðar kr. 123.000. Umsókn synjað, fellur ekki undir reglur um styrki málefna fatlaðra.



Upphæðir í reglum um styrki skv. 27.gr. hafa ekki breyst frá því 2004. Náms skeiðs- og skólagjöld hafa hækkað meira en kostnaður við tölvur á tímabilinu. Ástæða er til endurskoðunar á reglunum þegar viðmiðunarreglur frá velferðarráðuneyti hafa verið gefnar út.

6. Fjármál 2012

Verkefnisstjóri fór yfir fund Jöfnunarsjóði sambands íslenskra sveitarfélaga þann 4. nóvember 2011 sem hún sat ásamt framkvæmdastjóra SSNV. Á þeim fundi voru framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra árið 2012 kynnt. Verkefnisstjóri fór yfir minnisblað sem hún ritaði á fundinum með fyrirvara um villur þar sem engin gögn voru lögð fram á fundi og fljótt var farið yfir. Þörf er á að fara í endurmat á fjárhagsáætlun 2012 frá því í sumar, verður það gert á næsta fundi þjónustuhóps. Fjárhagsáætlunin verður endurmetin m.t.t. forsendna sveitarfélaganna í yfirstandandi fjárhagsáætlanagerð. Ákveðið að vinna mat á þjónustu skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldusamninga, verkefnisstjóra falið að halda utanum þá vinnu. Meta þarf áhrif húsaleigugreiðslna og skilgreina þarf hlut rekstraraðila gagnvart íbúum í leiguverði, verkefnisstjóra falið að setja saman drög að reglum fyrir næsta fund.

7. Önnur mál

a) Búnaðarsjóður SSNV málefna fatlaðra

Verkefnisstjóri lagði fram drög að reglum og verklagi um búnaðarsjóð SSNV málefna fatlaðra sem tæki við hlutverki framkvæmdasjóðs fatlaðra sem lagður hefur verið niður.

Búnaðarsjóður er hugsaður fyrir stofnkostnað og endurnýjunar vegna almenns og sértæks húsbúnaðar í sameiginlegu rými og stafsmannaaðstöðu í búsetu skv. 11.gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Félagsmálastjórar rýna drögin fyrir næsta fund þjónustuhóps.

b) Þjónustumat (SIS) og einstaklingsþjónustuáætlun

Verkefnisstjóri leggur til að áfram verði haldið með umræðu um þjónustuáætlanir í framhaldi af vinnufundi Sambandsins og Velferðarráðuneytisins 26. okt. Verkefnisstjóra falið að koma á sameiginlegum fundi með ráðgjöfum og leiða vinnuna áfram.

SIS mat, áframhaldandi vinna við SIS mat, umræða um málið.

c) Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra er að undirbúa nýjan samning við Fjölmennt Mikilvægt að hvert þjónustusvæði hafi tengil til að vera í samvinnu við Farskólann, Þjónustuhópur lýsir ánægju sinni með samstarf Fjölmenntar og Farskólans. Verkefnisstjóra falið að hafa samband við Símei og fara yfir fullorðinsfræðslu fatlaðra á starfssvæði Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar.

d) Umsókn um námsstyrk

HW lagði fram umsókn um styrk vegna fjarnáms. Um er að ræða umsókn frá starfsmanni á sambýlinu á Hvammstanga sem stundar nám í Þroskaþjálfun. Umsókn hafnað þar sem um er



að ræða starfmann í afleysingum, umsókn samræmist því ekki reglum byggðasamlagsins um námsstyrki.

e) Ferli umsókna í skammtíavistun

GMS ræðir um umsókn um skammtíavistun. Umsókn kom beint frá aðstandanda og fylgdi því ekki mat frá félagsþjónustu um þörf fyrir þjónustu.

Umræða um ferli umsókna í skammtíavistun, hvernig þeim skuli háttað til framtíðar. Taka þarf upp gerð nýrra skriflegra ferla vegna þessa. Verkefnisstjóra falið að halda utanum vinnu við endurskoðun á verklagsreglum út frá vinnufundi starfsmanna í vor.

f) Vísa frá GMS

Hér mun reynast voðinn vís

verði matið kennt við SIS

okkur við því hugur hrís

það heita ætti frekar PLÍS

Fleira ekki gjört fundi slitið kl 14:30. Auður H. Sigurðardóttir fundarritari.